



## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Alþingi  
b.t. fjárlaganefndar og efnahags- og  
viðskiptanefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík 21. desember 2020  
Tilv.: FJR20120050/11.4.5

Efni: Greinagerð um áformaða sölumeðferð á eignarhlutum Íslandsbanka hf.

Tillaga hefur borist frá Bankasýslu ríkisins um að hefja sölumeðferð á eignarhlutum í Íslandsbanka hf. í samræmi við ákvæði laga um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009 og laga um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum nr. 155/2012. Fallist hefur verið á tillöguna um að hefja sölu á eignarhlut í bankanum.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 155/2012 hefur verið útbúin greinargerð um ráðgerða sölumeðferð sem er hér með lögð fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Í greinargerðinni koma fram upplýsingar um helstu markmið með sölu eignarhlutarins, hvaða söluaðferð verði beitt og hvernig sölumeðferð verði háttað að öðru leyti. Fylgiskjöl með greinargerðinni eru tillaga Bankasýslu ríkisins og minnisblað stofnunarinnar um málið.

Þá hefur jafnframt verið óskað eftir umsögn frá Seðlabanka Íslands um jafnræði bjóðenda, líkleg áhrif sölu á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða og laust fé í umferð. Þeirri umsögn verður komið til nefndanna um leið og hún liggur fyrir.

Óskað er eftir að umsögn fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar um greinagerðina liggi fyrir eigi síðar en þann 20. janúar 2021.

Eftir að umsagnir nefndanna og Seðlabanka Íslands liggja fyrir verður tekin endanleg ákvörðun um hvort sölumeðferð eignarhlutarins verði hafin í samræmi við efni greinargerðarinnar. Ráðherra getur í ákvörðun sinni gert breytingar á einstökum þáttum í fyrirhugaðri sölumeðferð, m.a. að teknu tilliti til athugasemda fjárlaganefndar eða efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis við greinargerðina.

Fyrir hönd ráðherra

Bjarni Benediktsson

Guðmundur Árnason